

# Skýrsla framkvæmdastjóra 2009

## Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur HEF vegna ársins 2009 ber merki þeirra efnahagserfiðleika sem stöðja að um þessar mundir, en þrátt fyrir mikinn samdrátt í efnahagslífinu þá hafa fjárfestingar HEF á árinu 2009 sjaldan verið meiri.

Heildartekjur HEF ehf. á árinu 2009 námu 170,1 millj.kr. samanborið við 162,1 millj.kr. árið 2008 og hækka því um 5,0% milli ára. Tekjur ársins skiptast í vatnssölu 149,3 millj. kr., mælagjöld (fastagjald) 12,6 millj. kr., tengigjöld 7,2 millj. kr. og aðrar tekjur 1,0 millj.kr.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 75,6 millj.kr. samanborið við 78,9 millj.kr. árið áður og lækka um 4,2% og skýrist helst af minnkandi rekstrarkostnaði vatnsveitunnar.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 94,6 millj.kr. samanborið við 83,2 millj. kr. hagnað árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 55,6% samanborið við 51,3% árið 2008. Afskriftir námu 32,9 millj.kr. samanborið við 38,0 millj.kr. árið 2008.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam því 61,7 millj.kr. samanborið við 45,1 millj.kr. árið 2008. Hrein fjármagnsgjöld námu 71,3 millj.kr. samanborið við 269,4 millj.kr. árið 2008, skýrist þessi mikla lækking af lægri verðbólgu og stöðugu gengi samanborið við árið 2008.

Tap ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt nemur 9,6 millj.kr. samanborið við 224,3 millj.kr.tap árið 2008. Tekjufærður tekjuskattur nam 7,8 millj.kr. samanborið við 5,7 millj. kr. gjaldfærðan tekjuskatt á árinu 2008. Tap ársins 2009 nam því 1,8 millj.kr. samanborið við 230,0 millj.kr. tap árið 2008.

## Efnahagsreikningur

Heildareignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.076,0 millj.kr. samanborið við 995,1 millj.kr. í árslok 2008. Óefnislegar eignir námu 1,5 millj.kr. í árslok 2009 á þetta við um vatnsréttindi sem eru gjaldfærð á 50 árum. varanlegir rekstrarfjármunir námu 959,7 millj.kr. í árslok 2009 þar af námu eignir vatnsveitunnar 408,1 millj. kr.samanborið við 295,5 millj.kr. í árslok 2008.

Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 41,3 millj.kr. í árslok, en voru 30,0 millj.kr. í árslok 2008.


Eigið fé félagsins nam 74,6 millj.kr. í árslok 2009 og eiginfjárhluftfall félagsins var 6,9% samanborið við 7,7% í árslok 2008.

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi nema 1.001,4 millj.kr.í árslok 2009 samanborið við 918,7 millj.kr. í árslok 2008 og hafa því aukist um 9% milli ára.


Langtímaskuldir námu alls 901,3 millj.kr. í árslok, samanborið við 836,5 millj.kr. árið áður og nemur hækkingu á milli ára 7,8%. Umtalsverðar lántökur hafa verið hjá HEF á undanförunum árum, að langmestu leiti til að fjármagna nýframkvæmdir á kaldavatnskerfinu.

Skammtímaskuldir námu 100,1 millj.kr. í árslok 2009 samanborið við 82,3 millj.kr. í árslok 2008 og hafa því hækkað um 21,7% á milli ára.

### Rekstrartekjur



### Hagnaður EBITDA (Millj. kr.)



## Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 79,2 millj.kr. á árinu 2009 samanborið við 65,9 millj.kr. á árinu 2008 og er þetta hækkun um 13,3 millj.kr., eða 20,2%.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 92,3 millj.kr. samanborið við handbært fé frá rekstri að fjárhæð 33,1 millj.kr. á árinu 2008.

Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 176,4 millj.kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í vatnsveitu náum 122,7 millj.kr., fjárfestingar í hitaveitu námu 45,3 millj.kr., og fjárfesting í eignarhlutum í félögum náum 8,4 millj.kr.

Fjármögnunarhreyfingar ársins námu 11,1 millj.kr. og er um að ræða ný langtímalán að fjárhæð 60,0 millj.kr., að frádregnum afborgunum ársins að fjárhæð 48,9 millj.kr. Handbært fé lækkar því á árinu 2009 um 73,0 millj.kr. og nam 28,5 millj. kr. í árslok.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### – Viðskiptakröfur

Varanlegir rekstrarfjármunir námu um 959,7 millj.kr. í árslok 2009 eða um 89,2% af heildareignum félagsins. Gjaldfærðar afskriftir ársins námu 32,8 millj.kr. á árinu 2009.


Samkvæmt efnahagsreikningi námu viðskiptakröfur félagsins 26,3 millj.kr. í árslok 2009 samanborið við 12,6 millj.kr. í árslok 2008. Þar af nam niðurfærsla viðskiptakrafna 11,7 millj.kr. í árslok 2009 samanborið við 9,6 millj.kr. í árslok 2008.

## Starfsemin á árinu


Sala á heitu vatni í rúmmetrum talið jókst um 35 þús. tonn og varð samtals 1.297.012 tonn á árinu 2009 og jókst um 2,8% frá fyrra ári. Meðalvinnsla frá borholunum við Urriðavatn er um 41,2 lítrar/sek. eða um 148 þús. lítrar á klukkustund. Heildarvatnssala í krónum talið, með fastagjaldi, jókst um 8,4 millj. kr. eða um 9,8%. Stærstu notendur eru eins og áður, Haustak fiskþurrkun með um 123 þús. tonn og Sundlaug Egilsstaða með um 69 þús. tonn. Vegna mikilla viðskipta fá þessir aðilar magnafslátt og nam hann á árinu 2009 um 7,4 millj. kr. Notkun á heitu vatni til afbræðslu minnkar töluvert frá fyrra ári eða um 25% sem skýrist mest á minni vatnsnotkun á Fellavell en samtals voru notuð 43 þúsund tonn til afbræðslu á árinu 2009 samanborið við 57 þúsund tonn árið 2008.

Verkefni veitunnar voru með afbrigðum fjölbreyttar á starfsárinu, má þar nefna samninga af ýmsu tagi s.s. við landeigendur og er þeim flestum lokið, Vegagerðina og ýmsa framkvæmdaaðila er tengdust Köldukvíslarveitu. Lokið var við samninga við Ekkjufellssel, sem að stórum hluta var stofnað til árið 1977, um athafnasvæði og landnot HEF ehf. við Urriðavatn, Valgerðastaðaás og kyndistöð og lagnaleiðir þar á milli. Þá var gerður samningur við Vodafone um afnot af mastri til endurvarps gsm sendinga frá vatnstanki á Selöxl. Á árinu tók HEF ehf. þátt í stofnun einkahlutafélags um byggingu og reksturs kurlkyndistöðvar á Hallormsstað sem tók til starfa á haustmánuðum. Félagið hlaut

Meðal gjaldfrestur  
(Dagar)




Viðskiptakröfur  
(Millj. kr.)



nafnið Skógarorka ehf. og er eignarhlutur HEF ehf. í árslok um 45%. Fagfundur Samorku á hita-, vatns- og fráveitusviði var haldinn á Egilsstöðum 28. og 29. maí, ráðstefnugestir voru um 120. Flutt voru 23 erindi og tókst fagfundurinn með ágætum.

### Fjármagnskostnaður (Millj. kr.)



Verulegur árangur hefur náðst í viðgerðum á vatnslekum í dreifikerfi og stofnkerfi vatnsveitunnar, þannig að þrátt fyrir stöðuga aukningu á vatnsnotkun þá sáu borholurnar á Egilsstaðanesi ásamt Fellabólinu fyrir nægjanlegu neysluvatni fyrir þéttbýlið.

Þrýstingur í dreifikerfi vatnsveitunnar á Egilsstöðum gjörbreyttist til hins betra eftir að miðlunar-geymir á Selöxl þjónustaði allt dreifikerfið.


Rekstrartruflanir voru nokkrar á kaldavatsveitunni, tengdust þær í flestum tilfellum viðgerðum og endurbótum á dreifikerfinu, en vöruðu ekki lengi í hvert sinn.

Bilanir og óvæntar rekstrartruflanir á kerfi hitaveitunnar voru með minnsta móti á árinu. Fyrirbyggjandi viðhald s.s. endurnýjun á lögnum og búnaði í hitaveitubrunnum var haldið í algjöru lágmarki vegna mikilla nýframkvæmda.

Gengið var til samninga við Íslandsbanka að undanngengnu útboði á fjármögnun að upphæð 60 millj.kr. í lok ársins 2009.

Um þrettán þúsund áætlunarreikningar voru gefnir út á árinu, ef taldir eru með uppgjörsreikningar, heimæðareikningar, álestrarreikningar og reikningar vegna flutninga þá eru þeir um 18 þúsund. Álestur af hitaveitumælum og vatnsveitumælum var í nóvembermánuði og fer hann fram einu sinni á ári eins og undanfarin ár. KPMG hf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins. Hafa þau jafnan verið gerð fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

### Hlutfallsleg skipting sölu tekna ársins 2009



### Nýframkvæmdir

Nýframkvæmdir við gerð bílaplana við skólana á Egilsstöðum og í Fellabæ hófust í maí og voru lagðar nýjar stofnlagnir að báðum skólum ásamt því að styrkja stofnlögn vatnsveitunnar frá Tjarnarbraut að Tjarnarlöndum til að uppfylla brunavarnir við nýja grunnskólann á Egilsstöðum.

Endurnýjun stofnlagna á hitaveitu og vatnsveitu í miðbæ, þ.e.a.s. í Lagarási og Selási, var framhaldið frá fyrra ári. Unnið hefur verið við frágang á umhverfi við vatnstank á Selöxl.



Sótt var um styrk til gerðar Yl-strandar við Urriðavatn til Byggðarsjóðs til eflingar ferðamála og fengust 4 millj. kr., þar af hefur helmingurinn verið greiddur eða 2 millj. kr.

Á Hallormsstað var unnið við endurbætur á miðlunar-geymi, stýrikerfi og fráveitulögnum.


Köldukvísarveita er stóra framkvæmdin á árinu 2009. Eftir að þrúfudælingum lauk í mars, á sama ári og skýrsla vatna- og forðafræðinganna Daða Þorbjörnssonar og Þórólfs Hafstað starfsmanna ÍSOR, um afkastagetu svæðisins og gæði vatnsins lágu fyrir, var hafist handa við að leggja loka hönd á útboðsgögn og hönnunavinnu í samráði við Verkfræðistofu Austurlands. Tilboðin voru opnuð 19. júní og bárust 4 gild tilboð og var samið við Jónsmenn ehf. sem áttu jafnframt lægsta tilboðið. Verðkönnun í eftirlitsþátt verksins var opnuð sama dag og í framhaldi var samið við Verkfræðistofu Austurlands um eftirlit.

### Skipting sölu 2009

Tegund sölu	Fjöldi	Sala um mæla	Helldartekjur
	húsvæitna	m <sup>3</sup>	kr.
Almenn sala	1.162	1.023.345	83.006.320
Lönaður	1	141.166	5.817.666
Íþróttamannvirki	2	101.866	4.619.130
Snjóbræðsla	4	43.382	2.518.326
Gróðurhús	1	16.322	944.303
<b>Samtals</b>	<b>1.170</b>	<b>1.326.081</b>	<b>96.905.745</b>



### Samanburður á þróun verðskrár og verðlags



Samið var við VHE um smíði á stöðvarhúsi við Köldukvísl úr forsteyptum einingum eftir að verðkönnun leiddi í ljós hagstætt tilboð í framkvæmdina. Verktaka-fyrirtækið Ýting ehf. sá um að girða af nærverndunar-svæðið. Alls voru haldnir átta verkfundir og var sá síð-asti þann 21. desember 2009 og bar heitið verklok. Það er full ástæða að þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og verktökum sem hlut eiga að máli við þess framkvæmd þegar horft er til þess skamma tíma sem leið frá því að skýrslan góða kom út frá ÍSOR í apríl 2009 og til verkloka í desember sama ár.

Nýframkvæmdir vegna hitaveituf framkvæmda námu samtals 45,3 millj.kr. og vegna vatnsveitu 122,7 millj. kr. Efnisinnkaup HEF á rörum, lokum, brunnum og stýribúnaði vegna þessara framkvæmda námu um 35 millj.kr. og áætlaður sparnaður HEF á þessum innkaupum gæti numið um 7,0 millj.kr. Á mótí kemur hins vegar að álag á starfsfólk HEF eykst töluvert við þessa efnisútvægun.

### Framtíðarsýn

Virkjun heitavatsins og með tilkomu borholunnar UV-10, sem tekin var í notkun í lok október 2007, hafa opnast nýjar víddir fyrir dreifingu á heitu vatni og hafa verið gerðar frumáætlanir hvað varðar gæði og kostnað með tengingu á heitavatslögn að Miðhúsum, Eyvindará og sumarhúsabyggðinni á Einarsstöðum og Úlfsstöðum. Væntanlega verður hafist handa með framkvæmdir að hitaveituvæða dreifibýlið á þessu ári. Jarðgöng til Seyðisfjarðar væri mjög spennandi verkefni m.t.t að koma hitaveituvatni á dreifikerfi Seyðfirðinga. Samkvæmt tillögum sem liggja fyrir eru hér einungis um 12 km. löng göng að ræða, íbúafjöldi á Seyðisfirði er um 700.

Haldið verður áfram við gerð Yl-strandar við Urriðavatn.

Í skipulagsmálum verðum við að breyta um vinnuferli þannig að sjónarmið veitnanna komi fram við gerð skipulags þannig að hagkvæmni sé gætt við skipulagsvinnu.

Byggingartími í nýjum hverfum er alltof langur og enn er óbyggt á fjölda lóða. Tengistútar veitunnar við lóðarmörk, sem margir hverjir liggja undir skemmdum, skapa ekki þær tekjur sem reiknað var með í áætlunum og tengigjöldin ein af þessum ótengdu lögnum nema um 30 millj.kr. Það er því mikil fjárfesting sem hér liggur að baki bæði í gatnakerfi og lögnum. Tillaga til bæjarstjórnar um að örva byggingavinnu á svokölluðu Suðursvæði var lögð fram að stjórn HEF ehf. í febrúar 2010.

Það er ljóst að endurnýja þarf stofnlagir hitaveitu frá Urriðavatni til Egilsstaða. Þessi framkvæmd kostar ein og sér um 180 millj. kr. Vegna ástands á fjármálamarkaði nú um stundir er ljóst að þeim áföngum í þessari framkvæmd sem fyrirhugaðir voru á árinu 2009 verður frestað að undanskildum 500 metra kafla á ofanjarðar stofnlögn við Kyndistöð sem verður að skipta út. Dreifikerfi hitaveitunnar er í dag um 64 km. að lengd og er með lengstu hitaveitukerfum miðað við íbúafjölda. Það er því nauðsynlegt þegar unnið er að skipulagsmálum að tekið sé tillit til kostnaðar og hagkvæmi veitna sveitarfélagsins, er þá átt við hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

Guðmundur Davíðsson  
framkvæmdastjóri HEF ehf.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 170,1 millj. kr. á árinu. Tap af rekstri félagsins nam 1,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.791,3 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 74,6 millj. kr. og nam eiginfjárlutfall félagsins í árslok 6,9%. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum félagsins.

Hlutfé félagsins nam í árslok 100,0 millj. kr. og var það allt í eigu Fljótshéraðs.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2010 vegna rekstrarársins 2009, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 4. mars 2010.

Í stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Egilsstöðum, 4. mars 2010.

*KPMG hf.*

## Rekstrarreikningur 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Vatnssala .....		149.260.603	139.128.114
Mælagjöld .....		12.597.102	10.888.853
Tengigjöld .....		7.248.834	11.242.453
Aðrar tekjur .....		1.004.944	801.624
		170.111.483	162.061.044
 <b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launtengd gjöld .....	11	29.871.092	26.979.657
Rekstur veitukerfis .....		29.528.835	36.539.427
Annar rekstrarkostnaður .....		16.160.310	15.383.349
Afskriftir .....	14	32.877.920	38.028.867
		108.438.157	116.931.300
 Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjald .....		 61.673.326	 45.129.744
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	 12	 ( 71.302.408 )	 ( 269.437.400 )
 Tap fyrir tekjuskatt.....		 ( 9.629.082 )	 ( 224.307.656 )
Tekjuskattur ársins .....	19	7.837.753	( 5.689.503 )
 <b>Tap ársins .....</b>	 22	 ( 1.791.329 )	 ( 229.997.159 )

# Efnahagsreikningur

<b>Eignir</b>		<b>Skýr.</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
<b>Fastafjármunir:</b>				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi .....	3,13	1.476.209	1.530.883	
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi .....		408.134.646	295.538.760	
Dreifikerfi .....		247.458.383	215.098.642	
Stofnæðar, dælustöðvar og geymir .....		78.328.161	82.324.577	
Borholur .....		210.561.915	221.083.770	
Kyndistöð, áhöld og búnaður .....	4,14	15.196.892	10.433.886	
		<u>959.679.997</u>	<u>824.479.635</u>	
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	5,18	9.000.000	375.000	
Tekjuskattseign .....	6,19	32.300.115	24.462.362	
Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum .....	7,20	0	5.172.154	
		<u>41.300.115</u>	<u>30.009.516</u>	
Fastafjármunir		<u>1.002.456.321</u>	<u>856.020.034</u>	
<b>Veltufjármunir:</b>				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur .....	8,21	26.271.976	12.582.355	
Kröfur á tengda aðila .....		6.682.242	12.142.867	
Næsta árs afborgun verðbréfaeignar .....	20	5.265.256	4.657.195	
Aðrar skammtímakröfur .....		6.844.374	8.245.180	
Handbært fé .....	9	28.478.085	101.484.456	
Veltufjármunir		<u>73.541.933</u>	<u>139.112.053</u>	
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.075.998.254</u>	<u>995.132.087</u>	



## 31. desember 2009

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2009	2008
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutafé .....		100.000.000	100.000.000
Ójafnað eigið fé .....		( 25.404.125 )	( 23.612.796 )
Eigið fé	22	<u>74.595.875</u>	<u>76.387.204</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við tengda aðila .....	23	9.245.856	10.471.783
Skuldir við lánastofnanir .....	23	892.050.396	826.001.486
		<u>901.296.252</u>	<u>836.473.269</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		32.438.920	13.176.867
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	24	50.460.212	48.049.952
Aðrar skammtímaskuldir .....		15.771.195	19.513.275
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		1.435.800	1.531.520
		<u>100.106.127</u>	<u>82.271.614</u>
Skuldir samtals		<u>1.001.402.379</u>	<u>918.744.883</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.075.998.254</u>	<u>995.132.087</u>

## Sjóðstreymisyfirlit 2009

	Skýr.		2009	2008	
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>					
Tap samkvæmt rekstrarreikningi .....	22	(	1.791.329)	(	229.997.159)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir .....	14		32.877.920		38.028.867
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda .....			56.161.608		252.148.863
Hagnaður af sölu eignarhluta í félögum .....		(	233.732)		0
Tekjuskattur, breyting .....		(	7.837.753)		5.689.503
Veltufé frá rekstri			79.176.714		65.870.074
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Skammtímakröfur, hækkun .....		(	6.828.190)	(	16.334.646)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....			15.424.253	(	6.606.051)
Verðbréfi, breyting .....			4.564.093	(	9.829.349)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			13.160.156	(	32.770.046)
Handbært fé frá rekstri			92.336.870		33.100.028
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>					
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita .....	14	(	45.325.210)	(	52.196.451)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita .....	14	(	122.698.398)	(	96.807.548)
Kaup á eignarhlutum í félögum .....		(	9.000.000)		0
Seldir eignarhlutir í félögum .....			608.732		0
Fjárfestingarhreyfingar		(	176.414.876)	(	149.003.999)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>					
Tekin langtímalán .....			60.000.000		179.703.300
Afborganir langtímalána .....		(	48.928.365)	(	44.369.757)
Fjármögnunarhreyfingar			11.071.635		135.333.543
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b> .....		(	73.006.371)		19.429.572
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....			101.484.456		82.054.884
<b>Handbært fé í árslok</b> .....			28.478.085		101.484.456
<b>Aðrar upplýsingar:</b>					
Greiddir vextir .....			35.189.137		30.973.271

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

### 3. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

### 5. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum, þar sem veitan á minna en 20% hlutafjár, eru færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Arður frá þessum félögum er færður til tekna meðal fjármunatekna þegar honum er úthlutað.

### 6. Tekjuskattsinnæign

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Í desember 2009 samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18% frá og með 1. janúar 2010 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2011. Áhrif þessa hafa verið færð í reikningsskil ársins 2009 og nemur hækkun frestaðrar skatteignar 5,4 millj. kr.

### 5. Verðbréfaeign

Félagið fjárfesti á árinu í skulda- og peningamarkaðssjóðum Íslenskra verðbréfa hf. Verðbréfeignin er færð til eignar í samræmi við viðskiptagengi í árslok og áætlað er að eign félagsins í umræddum sjóðum greiðist út á næstu þremur árum. Næsta árs afborganir verðbréfeignar eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

### 8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í árshlutareikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

# Skýringar, frh.:

## 9. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 10. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf

	Hitaveita	Vatnsveita	Samtals
<b>2009</b>			
Tekjur .....	113.814.579	56.296.904	170.111.483
Rekstrargjöld .....	43.741.247	31.818.990	75.560.237
Afskriftir .....	22.775.408	10.102.512	32.877.920
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 37.530.133)	( 33.772.275)	( 71.302.408)
Tekjuskattur .....	7.837.753	0	7.837.753
Tap ársins .....	17.605.544	( 19.396.873)	( 1.791.329)
Fastafjármunir .....	594.321.675	408.134.646	1.002.456.321
Veltufjármunir .....	73.541.933	0	73.541.933
Eignir samtals .....	667.863.608	408.134.646	1.075.998.254
Eigið fé .....	67.557.132	7.038.743	74.595.875
Langtímaskuldir .....	569.258.865	332.037.387	901.296.252
Skammtímaskuldir .....	78.840.830	21.265.297	100.106.127
Eigið fé og skuldir samtals .....	715.656.827	360.341.427	1.075.998.254
Veltufé frá rekstri .....	64.806.417	14.370.297	79.176.714
Handbært fé frá rekstri .....	77.966.573	14.370.297	92.336.870
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 59.474.102)	( 116.940.774)	( 176.414.876)
Fjármögnunarahreyfingar .....	( 91.498.842)	102.570.477	11.071.635
	Hitaveita	Vatnsveita	Samtals
<b>2008</b>			
Tekjur .....	106.358.435	55.702.609	162.061.044
Rekstrargjöld .....	43.384.714	35.517.719	78.902.433
Afskriftir .....	28.067.723	9.961.144	38.028.867
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 165.409.775)	( 104.027.625)	( 269.437.400)
Tekjuskattur .....	( 5.689.503)	0	( 5.689.503)
Tap ársins .....	( 136.193.280)	( 93.803.879)	( 229.997.159)
Fastafjármunir .....	560.481.274	295.538.760	856.020.034
Veltufjármunir .....	139.112.053	0	139.112.053
Eignir samtals .....	699.593.327	295.538.760	995.132.087
Eigið fé .....	99.951.588	( 23.564.384)	76.387.204
Langtímaskuldir .....	519.115.422	301.768.505	820.883.927
Skammtímaskuldir .....	80.526.317	17.334.639	97.860.956
Eigið fé og skuldir samtals .....	699.593.327	295.538.760	995.132.087
Veltufé frá rekstri .....	58.736.503	7.133.571	65.870.074
Handbært fé frá rekstri .....	25.966.457	7.133.571	33.100.028
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 52.196.451)	( 96.807.548)	( 149.003.999)
Fjármögnunarahreyfingar .....	45.659.566	89.673.977	135.333.543

# Skýringar, frh.:

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á tímabilinu greinast þannig:

	2009	2008
Laun .....	24.062.226	21.260.779
Áunnið orlof, breyting .....	388.273	1.282.016
Launatengd gjöld .....	5.420.593	4.436.862
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>29.871.092</u>	<u>26.979.657</u>

Fjöldi starfsmanna í árslok ..... 3 3

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 13,7 millj. kr. á árinu 2009.

## 12. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2009	2008
Vaxtatekjur og verðbætur .....	8.806.787	18.880.455
Hagnaður af sölu eignarhluta .....	233.732	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 57.246.627)	( 99.276.046)
Gengismunur .....	( 23.096.300)	( 189.041.809)
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 71.302.408)</u>	<u>( 269.437.400)</u>

Fjármagnskostnaður vegna eignfærðra framkvæmda ársins að fjárhæð 11,0 millj. kr. er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum. Eignfærður fjármagnskostnaður er reiknaður út frá mati á því hvaða vextir í íslenskum krónum gæfu góða viðmiðun um þau kjör sem félagið hefði notið ef framkvæmdir hefðu verið fjármagnaðar í íslenski krónu á byggingartíma. Miðað er við tólf mánaða REBOR á árinu 2009 að viðbættu 1,5% álagi, eða samtals 11% á árinu 2009.

## 13. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 50 árum. Þessi liður greinst þannig:

Bókfært verð 1.1.2009 .....	1.530.883
Afskrifað á árinu .....	( 54.674 )
Bókfært verð 31.12.2009 .....	<u>1.476.209</u>

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Dreifikerfi	Stofnæðar, dælustöðvar og geymir	Borholur	Vatnsveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð						
1.1. 2009 .	37.006.481	358.418.723	224.878.547	481.716.560	422.238.367	1.524.258.678
Afskrifað						
áður .....	( 26.572.595 )	( 143.320.081 )	( 142.553.970 )	( 260.632.790 )	( 126.699.607 )	( 699.779.043 )
Bókfært						
verð						
1.1. 2009 .	10.433.886	215.098.642	82.324.577	221.083.770	295.538.760	824.479.635
Viðbót á						
árinu .....	5.475.526	39.849.684	0	0	122.698.398	168.023.608
Afskrifað á						
árinu .....	( 712.520 )	( 7.489.943 )	( 3.996.416 )	( 10.521.855 )	( 10.102.512 )	( 32.823.246 )

# Skýringar, frh.:

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Dreifikerfi	Stofnæðar, dælustöðvar og geymir	Borholur	Vatnsveitu- kerfi	Samtals
Bókfært verð 31.12. 2009 .....	15.196.892	247.458.383	78.328.161	210.561.915	408.134.646	959.679.997
Heildarverð 31.12. 2009 .....	42.482.007	398.268.407	224.878.547	481.716.560	544.936.765	1.692.282.286
Afskrifað samtals .. (	27.285.115)	( 150.810.024)	( 146.550.386)	( 271.154.645)	( 136.802.119)	( 732.602.289)
Bókfært verð 31.12. 2009 .....	15.196.892	247.458.383	78.328.161	210.561.915	408.134.646	959.679.997
Afskrifta- hlutföll ...	4-33%	4%	4%	5%	4%	
Áætlaður nýtingar- tími .....	3-25 ár	25 ár	25 ár	20 ár	25 ár	

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita .....	22.720.734
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita .....	10.102.512
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 13 .....	54.674
Fært í rekstrarreikning .....	<u>32.877.920</u>

## 15. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 27,7 millj. kr. og lóða 6,3 millj. kr., eða samtals 34,0 millj. kr. í árslok 2009. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 119,7 millj. kr.

## 16. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 528,6 millj. kr. fyrir árið 2009 og 201,3 millj. kr. fyrir vatnsveitu.

## 17. Rekstrarleigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamning vegna bifreiðar. Samningurinn var yfirtekinn í ágúst 2007 og gildir til september 2010 og nema leigugreiðslur ársins 1,4 millj. kr.

## 18. Eignarhlutir í öðrum félögum

Hitaveitan á eignarhlut í Skógarorku ehf. sem bókfærður er á 9,0 millj. kr. Nafnverð eignarhlutarins er 9,0 millj. kr. eða sem svarar til 45% hlutafjár Skógarorku ehf. í árslok. Kaup félagsins á umræddum hlut voru gerð í árslok og því er ekki færð hlutdeild í afkomu og eigin fé Skógarorku ehf. á árinu 2009.

## 19. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun .....	24.462.362
Reiknaður tekjuskattur .....	7.837.753
Tekjuskattseign í árslok .....	<u>32.300.115</u>

## Skýringar, frh.:

### 19. Tekjuskattseign, frh.:

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15.697.048
Óefnislegar eignir .....	226.348
Viðskiptakröfur .....	2.108.114
Yfirfæranlegt tap .....	14.268.605
	<u>32.300.115</u>

### 20. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign greinist þannig:

Verðbréf í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum .....	5.265.256
Verðbréfeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>5.265.256</u>
Næsta árs afborganir verðbréfeignar .....	( 5.265.256 )
Verðbréfaeign í efnahagsreikningi samtals .....	<u>0</u>

### 21. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2009	2008
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	9.581.197	8.429.195
Gjaldfærð niðurfærsla ársins .....	<u>2.130.545</u>	<u>1.152.002</u>
Niðurfærsla í árslok .....	<u>11.711.742</u>	<u>9.581.197</u>

### 22. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2009 .....	100.000.000	( 23.612.796 )	76.387.204
Tap ársins .....		( 1.791.329 )	( 1.791.329 )
Eigið fé 31.12.2009 .....	<u>100.000.000</u>	<u>( 25.404.125 )</u>	<u>74.595.875</u>

### 23. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,9-5,3% á gjalddögum til 2027 .....	408.373.214
Óverðtryggð lán, vextir 9,9% á gjalddögum til 2030 .....	60.000.000
Gengistryggð lán, vextir 1,0%-5,9% á gjalddögum til 2033 .....	<u>483.383.250</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	951.756.464
Næsta árs afborganir .....	( 50.460.212 )
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	<u>901.296.252</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2009.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

## Skýringar, frh.:

### 24. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2010 .....	29.443.548	21.016.664	50.460.212
Árið 2011 .....	29.443.548	21.016.664	50.460.212
Árið 2012 .....	32.776.881	21.016.664	53.793.545
Árið 2013 .....	32.776.881	21.016.664	53.793.545
Árið 2014 .....	32.776.881	21.016.664	53.793.545
Síðar .....	311.155.475	378.299.930	689.455.405
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	468.373.214	483.383.250	951.756.464

### 25 Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2009	2008	2007	2006	2005
<b>Rekstur:</b>					
Rekstrartekjur .....	170.111	162.061	156.457	132.491	120.725
Rekstrargjöld án afskrifta ...	( 75.560 )	( 78.902 )	( 67.391 )	( 69.637 )	( 56.579 )
Hagnaður fyrir afskriftir .....	94.551	83.159	89.066	62.854	64.146
Afskriftir .....	( 32.878 )	( 38.029 )	( 33.332 )	( 24.252 )	( 27.604 )
Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....	61.673	45.130	55.734	38.602	36.542
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 71.302 )	( 269.437 )	( 36.553 )	( 34.404 )	( 12.823 )
Hagnaður (tap) ársins fyrir tekjuskatt .....	( 9.629 )	( 224.307 )	19.181	4.198	23.719
Tekjuskattur ársins .....	7.838	( 5.690 )	( 5.546 )	27.673	0
Hagnaður (tap) ársins .....	( 1.791 )	( 229.997 )	13.635	31.871	23.719
<b>Efnahagur:</b>					
Fastafjármunir .....	1.002.456	856.020	745.562	615.122	535.444
Veltufjármunir .....	73.541	139.111	98.690	110.973	73.986
Eignir samtals	1.075.997	995.131	844.252	726.095	609.430
Eigið fé .....	74.596	76.387	306.384	284.724	252.854
Langtímaskuldir .....	901.296	836.473	455.828	383.140	245.377
Skammtímaskuldir .....	100.106	82.271	82.041	58.225	111.199
Eigið fé og skuldir samtals	1.075.998	995.131	844.253	726.089	609.430
<b>Helstu kennitölur:</b>					
Meðal gjaldfrestur í dögum	52	26	25	48	36
Veltufé frá rekstri .....	79.177	65.870	73.699	46.565	60.869
Veltufjárhlutfall .....	0,73	1,69	1,20	1,91	0,67
Eiginfjárhlutfall .....	6,9%	7,7%	36,3%	39,2%	41,5%
Arðsemi eiginfjár .....	( 2,3% )	( 75,1% )	4,7%	12,6%	13,7%